

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Vesturhlíð, úr landi Haga, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 12. september 2019, tillögu að deiliskipulagi fyrir Vesturhlíð. Nýtt deiliskipulag tekur til ferðaþjónustu sem tengd er hestamennsku og að reisa íbúðarhús og skemmu fyrir lögbýli ásamt reiðhöll. Jafnframt er gert ráð fyrir stórum einbýlishúsum í ferðaþjónustu, tjaldsvæði fyrir skipulagða hópa á vegum staðarhaldara ásamt frístundahúsalóðum á 3 stöðum á jörðinni. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 15. október 2019.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.